

6. JÚNÍ
2024

HARPA
ELDBORG

Mahler nr. 3

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Áætluð tímalengd:

Sinfónía nr. 3 - 1:35'

Ekkert hlé er á tónleikunum

**Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands
og Listahátíðar í Reykjavík**

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Mahler nr. 3

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 6. JÚNÍ KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Christina Bock
einsöngvari

Vox feminae
Stefan Sand
kórstjóri

Kammerkórinn Aurora
Sigríður Soffía
Hafliðadóttir
kórstjóri

Stúlknaður Reykjavíkur
Margrét Pálmadóttir
kórstjóri

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 3 í d-moll (1895–96)

Fyrri hluti

Kräftig. Entschieden (Sterkt. Ákveðið)

Seinni hluti

Tempo di Menuetto (Með hraða menúetts)
Comodo. Scherzando (Þægilega, eins og scherzó)
Sehr langsam - Misterioso (Afar hægt, dulúðlega)
Lustig im Tempo und keck im Ausdruck
(Með fjörugum hraða og hvatvísri tjáningu)
Langsam - Ruhevoll - Empfunden
(Hægt - kyrrlátt - Með djúpri tjáningu)

Þýðingar á söngtextum má finna á blaðsíðu 10

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020 og er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Eva kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og stjórnaði hún síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmoníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst 2022, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, og stuttu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Fílharmoníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóra-akademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómsveitinni.



Christina Bock

EINSÖNGVARI

Þýska mezzósópransöngkonan Christina Bock er þekkt fyrir geislandi litríka rödd sína og töfrandi sviðsframkomu. Hún fæddist í Thüringen héraði og stundaði nám í ljóða- og óperusöng í Leipzig og Karlsruhe. Atvinnuferil sinn hóf hún aðeins tvítug að aldri og starfaði við Semper-óperuna í Dresden frá 2012–2020 þar sem hún fór með mörg af helstu hlutverkum í sínu fagi, þar á meðal Cherubino í *Brúðkaupi Fígarós* og Zerlinu í *Don Giovanni* eftir Mozart, Orlofsky í *Leðurblöku* Johanns Strauss, Siébel í *Faust* eftir Gounod og Niklausse í *Ævintýrum Hoffmanns* eftir Offenbach. Hún hefur verið fastagestur í Vínaróperunni frá því að hún kom þar fyrst fram sem Ottavia í *Krýningu Poppeu* eftir Monteverdi og söng titilhlutverkið í *Rósariddara* Richards Strauss. Þá hefur hún nýlega sungið við Konunglegu óperuna í London, í Bastilluóperunni í París og á Salzburgerháttíðinni.

Á næstu leiktið 2024–25 þreytir hún frumraun sína í nokkrum óperuhúsum, meðal annars sem Ariadne í óperu Strauss *Ariadne auf Naxos* í Teatro de la Maestranza í Seville á Spáni og sem Orlofsky í Opera Royal de Wallonie í belgísku borginni Liège.

Christina Bock kemur einnig reglulega fram sem ljóða-söngvari, syngur með kammermúsíkhópum og tekur þátt í þverfaglegri samvinnu á tónlistarsviðinu.

Hún syngur nú í fyrsta sinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands en á árinu kemur hún einnig fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Berlínar, Staatskapelle Halle og úrvarpshljómsveitunum í Prag og Berlín.

KÓRAR

Kvennakórinn Vox feminae hefur nú starfað í þrjátíu ár. Markmið kórsins er ekki aðeins að gefa konum tækifæri til þess að syngja og mennta sig í söng heldur einnig að auðga tónbókmenntir íslenskra kvennakóra. Það hefur kórinn gert í gegnum tíðina með því að fá íslensk tónskáld til að semja og útsetja tónverk fyrir sig. Vox feminae hefur komið fram við margvísleg tækifæri og sungið bæði innanlands sem utan. Í sumar liggur leiðin í tónleikaferð til Færeyja. Kórinn hefur gefið út þrjá geisladiska og fleiri hljóðupptökur eru væntanlegar á streymisveitur í haust. Með því vill kórinn leggja sitt af mörkum til að varðveita íslenska tónlist. Stofnandi kórsins og stjórnandi í aldarfjórðung er Margrét J. Pálmadóttir. Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað stjórnaði kórnum í fjögur ár en núverandi kórstjóri er Stefan Sand.

Kammerkórinn Aurora var stofnaður árið 1997 af Margréti J. Pálmadóttur. Haustið 2015 tók Sigríður Soffía Hafliðadóttir við kórnum. Raddleiðbeinandi kórsins er Matthildur Guðrún Hafliðadóttir. Aurora er hluti af Kirkju- og samsöngsdeild Söngskólans Domus vox og gefst kórfélögum þannig tækifæri á að stunda einsöngsnám að framhaldsstigi. Flestir kórfélagar hafa nýtt sér það tækifæri og er söngur því orðinn stór þáttur í lífi þeirra. Kórinn tekur að sér ýmis samstarfsverkefni og hefur margoft tekið þátt í tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og leikhúsuppfærslum í samstarfi við Borgarleikhúsið, nú síðast í söngleiknum *9 líf* (2020 – 2024). Einnig hefur kórinn tekið þátt í hljóðupptökum fyrir kvikmyndir og hljómplötur en haustið 2022 frumflutti kórinn 10 sönglög eftir söngkonuna og tónskáldið Unu Stefánsdóttur. Um þessar mundir stendur yfir samstarf kórsins við tónskáldið Jóhann G. Jóhannsson og Ragnheiði Ingunni Jóhannsdóttur stjórnanda í verkefninu *Tumi fer til tunglsins*.

Stúlknaður Reykjavíkur var stofnaður af Margréti J. Pálmadóttur kórstjóra haustið 1995. Stúlkurnar eru á aldrinum 6-16 ára (í þessu verkefni 11-16 ára) og koma frá grunnskólum höfuðborgarsvæðisins. Stúlknaðurinn er fjölmennur og telur um 100 þátttakendur hvert ár. Starf kórsins þroskar söngnæmi nemenda með því að flytja fjölbreytta kórtónlist. Margar stúlkur stunda einsöngsnám við söngskólann Domus vox og þannig er söngur orðinn stór þáttur í lífi þeirra. Kórinn hefur haldið fjölda tónleika og oft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og tekið þátt í leikhúsuppfærslum. Auk Margrétar starfa nú við kórinn: Sigríður Soffía Hafliðadóttir, Matthildur Guðrún Hafliðadóttir, Björg Birgisdóttir, Stella Óladóttir og meðleikari er Jón Elísson.



Gustav Mahler

SINFÓNÍA NR. 3

Gustav Mahler (1860–1911) fæddist í bæheimska bænum Kalischt (í dag Kalište) sem þá tilheyrði Austurrísk-Ungverska keisaradæminu. Fjölskyldan flutti á fæðingarári hans til Jilhava sem liggur á mörkum Bæheims og Moravíu og þar ólst Gustav upp við alls konar tónlist, meðal annars þjóðlög og lærði ungur að leika á píanó. Tíu ára gamall kom hann fyrst opinberlega fram og byrjaði um það leyti að semja tónlist. Fimm árum síðar hóf hann nám við Konservatóríð í Vínborg þar sem píanóið vék fljótt fyrir áhuga hans á tónsmíðum og hljómsveitarstjórn. Meðal kennara hans þar var Anton Bruckner sem hafði margvísleg áhrif á hinn unga tónsnilling. Mahler heillaðist einnig af nýstárlegum hugmyndum Wagners og sótti um tíma kennslustundir í heimspeki við Háskólann í Vínborg.

Hljómsveitarstjórn átti eftir að verða aðalstarf Gustavs Mahler og var frami hans á því sviði glæsilegur. Hann hóf ferilinn í Bad Hall sem er lítill bæ í fylkinu Efra-Austurríki en í framhaldinu leiddi hann sem hljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi mörg af helstu tónlistar- og óperuhúsum Evrópu. Undir hans forystu varð Ríkisóperan í Vín ein sú fremsta í heiminum og lauk hann ferli sínum í New York þar sem hann stýrði bæði Metropolitanóperunni og fílharmóníuhljómsveit borgarinnar.

Tónsmíðarnar voru hliðargrein sem hann einungis sinnti í sumarfríum. En þessi sumarfrí voru honum heilög. Auðvitað fylltist hugur hans af hugmyndum meðan hann stjórnaði helstu hljómsveitar- og óperuverkum með mörgum af bestu fáanlegum listamönnum samtíðar sinnar en loks þegar komið var hlé, gat hann fest hugsanir sínar á blað og þá var friðurinn honum mikilvægur.

Mahler eignaðist athvarf í litlum bæ sem heitir Steinbach og liggur við stöðuvatnið Attersee í Efra-Austurríki. Þar lét hann reisa sér lítinn kofa niður við vatnið sem hann

Tónlistin á Íslandi

Þriðja símfónía Mahlers hljómaði síðast í meðförum Símfóníuhljóm-sveitar Íslands fyrir nær réttum 10 árum, nánar tiltekið 23. maí 2014 hér í Hörpu. Stjórnandi var Finninn Osmo Vänskä fyrrum aðalstjórnandi og síðar heiðursstjórnandi hljómsveitarinnar. Einsöngvari var bandaríska mezzó-sópransöngkonan Jamie Barton en Vox feminae og Stúlknakór Reykjavíkur sáu um kórhlutverkið. Símfóníuhljómsveit Íslands flutti símfóníuna fyrst á 50. afmælisdegi sínum 9. mars árið 2000. Þessum afmælistónleikum stjórnaði Petri Sakari sem um árabíl var aðalstjórnandi hljómsveitarinnar. Bandaríska söngkonan Barbara Deaver fór með einsöngs-hlutverkið og kvenna- og barnakór Íslensku óperunnar söng frá kórþöllum.

notaði til tónsmíða. Í aðdraganda komu hans til bæjarins að kvöldi hins 11. júní 1896 voru ýmsar ráðstafanir gerðar til að skapa tónskáldinu allan þann frið sem hann óskaði sér og þurfti. Að ýmsu var þó að huga vegna þess að Mahler hafði gleymt uppkastinu af 1. kafla þriðju símfóníunnar í Hamborg og litla píanóið frá Vín var enn ekki komið. Úr þessu var bætt en baráttan við utanaðkomandi hávaða og aðrar truflanir voru þrálátari. Fuglahræður voru settar upp í kringum svokallaðan „Schnützelputz“ kofa Mahlers, ærslafullum börnum og syngjandi farandsveinum mútað með skotsilfri og/eða sætindum og jafnvel hreiður fugla fjarlægð til öryggis. Þessar ráðstafanir báru að mestu tilætlaðan árangur.

Þegar hér var komið sögu var farið að hylla undir loka-sprettinn í smíði 3. símfóníunnar. Sumarið áður hafði hann samið það sem nú eru kaflar 2–5. Þessum köflum hafði hann gefið heiti líkt og Beethoven gerði í Sveitasímfóníu sinni og þannig átti upphafskafli símfóníunnar að heita „Það sem skógurinn segir mér“ og hinir báru yfirskriftina „Það sem trén segja mér“, „Það sem kvöldrökkrið segir mér“, „Það sem gaukurinn segir mér“ og „Það sem barnið segir mér“. Nú var komið að því að semja fyrsta þáttinn og Mahler gekk til verks fullur tilhlökkunar að takast á við verkefnið og að sjá fyrir endann á þessu nýja stórverki sínu.

Hljómsveitarstjórinn Bruno Walter - síðar einn helsti túlkandi verka Mahlers sem dvaldi sem gestur tónskálds-ins í Steinach þetta sumar þá rétt tæplega tvítugur - lýsir móttöku Mahlers við komuna: „ég kom með gufuskippinu á dýrlegum júlídegi, Mahler beið mín við landganginn og vildi endilega bera töskuna mína þrátt fyrir mótmæli mín... Á leiðinni að húsinu varð mér litið til Heljarfjallanna (Höllengebirge) sem tróna stjórn í bakgrunni hins annars fagra landslags. Þá sagði Mahler: - þér þurfið alls ekki að horfa lengur, allt þetta er ég búinn að setja á blað - og hann byrjaði strax að tala um uppbyggingu fyrsta kaflans sem í frumdrögnum bar heitið - Það sem klettafjöllin segja mér-“

Ög það voru ekki einungis austurrísku Helgrindurnar sem nærðu sköpunarmátt Mahlers sumarið 1896. Hann var árrisull og settist stundvíslega við borðið sitt í kofanum klukkan sex að morgni hvers einasta dags og vann fram að hádegi, en morgunverði var hljóðlaust skotið inn til hans um miðmál kl. 9. Hádegisverð snæddi hann með heimilisfólki og gestum en síðan hvarf hann oft á vit náttúrunnar og

sneri til baka hlaðinn ferskum hugmyndum. Í huga Mahlers var náttúran allt - hún var veröldin. Í bréfi til góðvinkonu sinnar, fiðluleikarans Nathalie Bauer-Lechner, skrifaði hann meðal annars þetta um þriðju sínfóníu sína: „Eiginlega er ekki við hæfi að kalla hana sínfóníu því að hún lýtur alls ekki lögmálum hins hefðbundna sínfóníska forms. Fyrir mér er sínfónía að skapa veröld með öllu sem heimurinn hefur uppá að bjóða“. Þetta rímar við samtal Mahlers og Sibeliusar þegar þeir hittust í Helsinki árið 1907 og Mahler tjáði þá skoðun sína að sínfónían ætti að vera „eins og heimurinn - innihalda allt!“.

Fyrsti kafli þriðju sínfóníunnar er risavaxinn og nær yfir tæplega þriðjung heildarlengdar hennar. Hann hefst á glaðværu lúðrakalli, en eins og Mahlers er von og vísa, verða á ferlinum snögg skapbrigði sem endurspegla tilfinningar hans og upplifanir í Steinach sumarið 1896. Náttúruhljóðum og fuglakvaki bregður fyrir en kaflanum lýkur „mit höchster Kraft“ - með fullum krafti.

Annar þátturinn er ljúfur menúett með sveitablæ þó um miðbikið syrti að um stund. Þriðja þáttinn byggir Mahler á sönglagi sínu *Ablösung im Sommer* (Sumarafleysing) sem segir frá dauða gauks nokkurs og hvernig næturgalinn hleypur í skarðið með söng sínum.

Í fjórða kaflanum ríkir kvöldkyrrð þar sem einsöngvarinn syngur „miðnætursönginn“ svonefnda úr bók Nietzsches, *Svo mælti Zarapústra*. Í þeim fjórða er kvöldkyrrðin rofin með englasöng og bjölluslætti þar sem Mahler er í essinu sínu og tónsetur á líflegan hátt kvæðið *Es sungen drei Engel* úr þýska þjóðlagasafninu *Des Knaben Wunderhorn*.

Mahler lýkur hinni miklu sínfóníu sinni á hægum kafla, Adagio, sem var fáheyrt á hans dögum. Best er að hafa sem fæst orð um þessa tónlist sem í fegurð sinni virðist koma úr öðrum heimi og er vissulega einhver sú innilegasta og áhrifamesta sem draup úr penna tónskáldsins.

Sigurður Ingvi Snorrason

SÖNGTEXTAR

Zarathustras Mitternachtslied

O Mensch! Gib Acht!
Was spricht die tiefe Mitternacht?
"Ich schlief, ich schlief—,
aus tiefem Traum bin ich erwacht:—
Die Welt ist tief,
und tiefer als der Tag gedacht.
Tief ist ihr Weh!
Lust—tiefer noch als Herzeleid.
Weh spricht: Vergeh!
Doch alle Lust will Ewigkeit—,
will tiefe, tiefe Ewigkeit!"

*Friedrich Nietzsche,
úr Also sprach Zarathustra*

Armer Kinder Bettlerlied

Es sungen drei Engel einen süßen Gesang,
mit Freuden es selig in dem Himmel klang.
Sie jauchzten fröhlich auch dabei:
daß Petrus sei von Sünden frei!

Und als der Herr Jesus zu Tische saß,
mit seinen zwölf Jüngern das Abendmahl aß,
da sprach der Herr Jesus: "Was stehst du
denn hier?
Wenn ich dich anseh', so weinest du mir!"

"Und sollt' ich nicht weinen, du gütiger Gott?
(Du sollst ja nicht weinen! Sollst ja nicht
weinen!)
Ich hab' übertreten die zehn Gebot!
Ich gehe und weine ja bitterlich!
Ach komm und erbarme dich über mich!"

"Hast du denn übertreten die zehen Gebot,
so fall auf die Knie und bete zu Gott!
Liebe nur Gott in all Zeit!
So wirst du erlangen die himmlische Freud'."

Die himmlische Freud' ist eine selige Stadt,
die himmlische Freud', die kein Ende mehr hat!
Die himmlische Freude war Petro bereit't,
durch Jesum und allen zur Seligkeit.

Úr Des Knaben Wunderhorn

Miðnæturljóð Zarabústra

Ó, maður! Haf hljótt!
Hvað mælir þar hin myrka nótt?
„Ég svaf, ég svaf!
Úr djúpum draumi hrökk ég skjótt.
Veraldar haf
er dýpra en dagur vissi af.
Djúp hennar kvöl
En dýpri er nautn en hjartasár.
Burt! segir böll,
en sérhver nautn vill eilíf ár,
vill djúp, vill djúp, vill eilíf ár!"

*Úr Svo mælti Zarabústra.
Þýð. Kristján Árnason*

Kvöldljóð fátækra barna

Þrír englar syngjandi sætum rómi
í söllum himna með gleðihljómi
þann fögnuð boðuðu allir sem einn
Sankti Pétur af synd sé hreinn, af synd sé
hreinn.

Er hinstu kvöldmáltíð Herrann snæddi
í hópi þeim er hann leiddi og fræddi,
þá innti hann Pétur: Hvað amar að þér?
Hví grætur þú frammi fyrir mér?

Ég hlýt að gráta, minn Herrann mildi.
(Þú átt ekki að gráta, þú átt ekki að gráta!)
Að boðorðin tíu ég brjóta skyldi
það beiskan vekur nú hjá mér grát.
Æ, kom og náðar mig njóta lát!

Hafirðu brotið mín boðorð væn,
þá krjúptu á kné og leggstu á bæn!
Elskaðu Drottin alla tíð,
þá himnasælan þín bíður blíð!

Því himnasælan er hæli traust,
þú hennar munt njóta endalaust!
Á himnum er þú fyrir Herrann Krist
munt hljóta eilífa sælúvist.

Úr Töfrhorni sveinsins. Þýð. Kristján Árnason



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



ARCHORA / AIÖN

Ný útgáfa á verkum Önnu Þorvaldsdóttur í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, ARCHORA / AIÖN, fær frábæra dóma í heimspressunni. New York Times velur diskinn í hóp með 5 áhugaverðum klassískum plötum sem nú er vert að hlusta á.

Gagnrýnendur hrífast af stórkostlegum frumkröftum í tónlist Önnu þar sem slípaðir tónar takast á og faðmast í flóknum leik ljóss og skugga.



BBC Music Magazine

SINFONIA.IS

Stúlnakór Reykjavíkur

Agnes Lind Auðunsdóttir
Amelía Eldjárn Tinnudóttir
Briet Katla Einarisdóttir
Dögg Óskarsdóttir
Edda Björg Baldursdóttir
Elsa Sigríður Halldórsdóttir
Emilía Ásta Arnarsdóttir
Emma Dís Tómasdóttir
Eva Guðrún Einarisdóttir
Eyrún Anna Guðjónsdóttir
Friðrikka Eva Ragnarsdóttir
Hallgerður Hafþórsdóttir
Hanna Ellen Midtvik
Hekla Þórisdóttir
Herborg Anda
Ísgerður Esja Nóadóttir
Jakobína Lóa Sverrisdóttir
Jóna Kristínardóttir
Matthildur Íris Skúladóttir
Melkorka Margrét Skúladóttir
Móeiður Örnudóttir Dagsdóttir
Nína Rósin Ingudóttir Barrett
Rakel Jóhannsdóttir
Rán Arnarsdóttir
Róska Halldóra Hjálmarsdóttir
Saga Matthíasardóttir Gunnell
Saga Tari Matthieusdóttir
Salvör Móeiður Á
Þórdísardóttir
Sif Snorradóttir
Sigríður Helga Magnúsdóttir
Steinunn María Matthíasdóttir
Stína Sverrisdóttir
Tindra Gná Daðadóttir
Una Valgerða Guðmundsdóttir
Vera Guðnadóttir
Ylfa Matthildur Seljan
Helgadóttir
Þórey Rán Sigurðardóttir
Þórhildur Káradóttir

Kammerkórinn Aurora

Auður Pálsdóttir
Ásdís María Atladóttir
Áslaug Lárusdóttir
Björg Birgisdóttir
Dagbjört Andrésdóttir
Dorothea Olesen
Halldórsdóttir
Freyja Sóllilja Sverrisdóttir
Halldóra Sólveig Einarisdóttir
Helga Hrund Ólafsdóttir
Helga Rún Guðmundsdóttir
Hildur Iðunn Sverrisdóttir
Inga Lilja Ómarsdóttir
Isabella Halldórsdóttir
Ísól Rut Reynisdóttir
Juliana Windhorst
Klara Sigurðardóttir
Klara Þorbjörg Einarisdóttir
Kristín Björg Björnsdóttir
Kristín Vilbergisdóttir
Laufey Erla Pétursdóttir
Lára Debaruna Árnadóttir
Lára Ruth Clausen
Margrét Helga Arnardóttir
María Sigríður Ágústsdóttir
Marsibil Mogensen
Bragadóttir
Marta Björg Björnsdóttir
Sigrún Perla Gísladóttir
Sigur Huldar Geirs
Sólrún Axelsdóttir
Steiney Lilja Einarisdóttir
Steinunn Kristín Valtýsdóttir
Svanfríður Hlín Gunnarsdóttir
Tinna Kjartansdóttir

Vox feminae

Anna Þóra Steinþórsdóttir
Ásdís Björnsdóttir
Brynja Björk Baldursdóttir
Freydís Kristjánsdóttir
Guðbjörg Danielsdóttir
Guðný Jónsdóttir
Guðrún Björk Bjarnadóttir
Guðrún Hulda Gunnarsdóttir
Guðrún Sigríður Sævarsdóttir
Gunnhildur Manfreðsdóttir
Hafdis Hafsteinsdóttir
Hallveig Andrésdóttir
Heiðrún Dóra Eyvindardóttir
Hildur Elín Vignir
Hildur Friðriksdóttir
Hulda Jónsdóttir
Hulda Stefánsdóttir
Ísól Lilja Róbertsdóttir
Kaho Terazono
Katrín Guðmundsdóttir
Kristín Sigurleifsdóttir
Lilja Klein
Magna Jónmundsdóttir
Margrét Elísabet Hjartardóttir
Sigríður Anna Ellerup
Sigríður Guðmundsdóttir
Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir
Sigurbjörg Björnsdóttir
Sophie Kass
Stella Óladóttir
Sveinfríður Olga Veturliðadóttir
Þorgerður Valdimarsdóttir
Þórdís Guðmundsdóttir
Þórunn Sóley Björnsdóttir

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Geirprúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Pétur Björnsson
Lin Wei
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Sigurðardóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Justyna Bidler
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Guðbjartur Hákonarson
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Guðnadóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Þórhildur Magnúsdóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Hafrún Birna Björnsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Urh Mrak
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir

Bassi

Xun Yang
Petru Iuga
T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Astrid Bjelland
Áshildur Haraldsdóttir
Guro Pettersen
Kristín Ýr Jónsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau
Össur Ingi Jónsson

Klarínnett

Mathias Kjoller
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Baldvin Ingvar Tryggvason
Finn Schofield

Fagott

Ignas Mazvila
Bryndís Þórsdóttir
Guðrún Erlendsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner
Adrian Arroyo
Martin Schöpfer
Frank Hammarin

Trompet

Joris De Rijbel
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Øyvind Lapin Larsen

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson
Lukas Hellman

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage

Þákur

Soraya Nayyar
Jason Ginter

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason
Emil Þorri Emilsson
Matiss Leo Meckl
Magnús Már Newman

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Yo-Yo Ma

YO-YO MA LEIKUR ELGAR | 24. OKTÓBER | KL. 19:30
YO-YO MA OG KATHRYN STOTT | 26. OKTÓBER | KL. 20:00

Tónleikar Yo-Yo Ma eru sannkallaður stórviðburður í íslensku tónlistarlífi.

Ma leikur hinn áhrifamikla sellókonsert Edwards Elgar með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg. Hann hefur á löngum og glæsilegum ferli hrifið áheyrendur um allan heim með heillandi túlkun sinni, óaðfinnanlegri tækni og miklum persónutöfrum. Auk tónleika Yo-Yo Ma með hljómsveitinni leikur hann hrifandi efnisskrá á dúó-tónleikum með samstarfskonu sinni til margra ára, píanóleikaranum Kathryn Stott.

Forsala á tónleikana fyrir áskrifendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefst 13. júní og almenn miðasala hefst 19. júní á **sinfonia.is** og í miðasölu Hörpu.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

2024 | 2025

Framundan er 75. starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands
og verður því fagnað með sérlega glæsilegri og
fjölbreyttri dagskrá.

Með áskrift tryggir þú þér besta miðaverðið og þitt
eigið sæti í Eldborg. Dagskráin verður kynnt á vef
hljómsveitarinnar, **sinfonia.is**, þann 13. júní og hefst þá
endurnýjun og sala nýrra áskrifta.

